

10. gr.

Heilsugæslustöðvar, og aðrir þeir sem bólusetja skulu senda sóttvarnalækni skýrslur um þær, sbr. 1 gr., a.m.k. árlega eða oftár samkvæmt ákvörðun hans. Senda skal sóttvarnalækni tilkynningar um hver var bólusettur, með hvaða bóluefni og hvenær, skv. 2. gr. eða samkvæmt nánari ákvörðun sóttvarnalæknis. Tilkynna skal um aukaverkanir bólusetningar samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 17. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. mars 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og bólusetninga (ónæmisaðgerða), sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífsupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Læknum og hjúkrunarfræðingum er skylt að skrá í sjúkraskrá, samkvæmt nánari fyrir-mælum sóttvarnalæknis, allar bólusetningar sem þeir framkvæma. Læknar tilkynna sótt-varnalækni um bólusetningar sem gerðar hafa verið.

3. gr.

4. gr. orðast svo:

4. gr.

Skráningarskyldir sjúkdómar.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berklastrykingar	heilahimnubólga af óþekktum toga
bráður niðurgangur	hlaupabóla
condyloma genitalis	höfuðlús
eyrnabólga	inflúensa
flatlús	kláðamaur
hálsbólga	lungnabólga
heilabólga (encephalitis/ meningoencephalitis)	Lyme sjúkdómur (borreliosis)
heilahimnubólga af völdum sýkla	matareitrun af völdum sýkla eða eitureri þeirra
	mýrarkalda (malaria)mýrarkalda (malaria)

njálgur	streptókokkahálsbólga
psittacosis	toxóplasmasyking
ristill (herpes zoster)	þvagrásarbólga af óþekkttri orsök
skarlatssótt	

4. gr.

5. gr. orðast svo:

5. gr.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	lifrabólga A
berklar	lifrabólga B
bótúlismi	lifrabólga C
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga E
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga vegna annarra veira
giardiasis	linsæri
gulusótt	listeríusýking
hettusótt	lömunarveiki
HIV-sýking	meningókokkasjúkdómur
holdsveiki	miltisbrandur
hundæði	mislingar
kampýlóbakttersýking	rauðir hundar
kíghósti	salmonellusýking
klamydíusýking	sárasótt
kólera	sígellusýking
legíónellusýking	stífkrampi
lekandi	svarti dauði

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. mars 2001.***Ingibjörg Pálmadóttir.***Davíð Á. Gunnarsson.*

14. mars 2001

Nr. 223

REGLUGERÐ

um landamærastöðvar og tilkynningarskyldu flytjenda.

1. gr.

Þegar farið er um ytri landamæri Schengen-svæðisins skal koma til landsins og för úr landi fara fram á þeim landamærastöðvum og afgreiðslutímum sem um getur í 2. gr.

Með för skipa yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins er átt við alla umferð skipa til og frá landinu. Þetta gildir þó ekki um:

- a. íslensk fiskiskip sem hvorki hafa haft viðkomu í erlendri höfn né lagst að skipi á hafi úti og áhöfn eða farþegar komið eða farið frá borði,